



Fréttir
21. október 2014



Einstakt tækifæri

fyrir Autodesk notendur og einnig kjörið tækifæri fyrir SW notendur.

Kynntu þér **Autodesk Simulation** hugbúnaðinn af eigin raun með handleiðslu sérfræðings í Autodesk Simulation. Á viðburðinum verður hönnuðum og verkfræðingum úr heimi hermilíkana kynnt að nota Autodesk-verkfæri.

Kynnt verður hvernig beita skal bestu starfsvenjum við það að fella notandaviðmót hermilíkana og sýndarfrumgerðir að því hönnunarferli sem notað er hverju sinni. Leitast verður við að fá sem skjótust svör við spurningunum: "Brotnar það?", "Hver er bezta nálgunin?" og "Er ég á réttri leið með hönnunina?" með því að hagnýta sér Autodesk Simulation verkfæri. Einnig kynnum við hvernig hermilíkon eru notuð í hinum ýmsu iðngreinum.

Miðvikudaginn 10. desember 2014 á Grand Hótel Reykjavík v/ Sigtún.

9:00 - 12:00 - Fjallað um Finite Element Analysis (FEA)

13:00- 16:00 - Fjallað um Computational Fluid Dynamics (CFD)

(Hádegisverður er innifalinn)

Fyrirlesarar eru Benoit Neu-Faber, Jonah Normand og Thomas Larsen

Viðburðurinn er ekki eingöngu ætlaður notendum Autodesk og CAD ehf heldur líka Solid Works notendum sem einnig geta haft gagn af því að mæta. Látið því boð út ganga.

Skráning er að finna [HÉR](#)



Factory Design Suite:


Nú er kominn út **Bonus pakki fyrir Factory Design Suite 2015**. Hér eru um viðbætur og nýja möguleika að ræða. Bonus pakkinn er sóttur inni á **áskriftarsíðunum ykkar**.

Bónus pakkinn er með nýjar aðgerðir til að gera Layout enn skilvirkari. Þetta gerir það auðveldari að nota gömul AutoCAD gögn og einnig að nota gögn á ýmsum skráarformum sem Assets inni í AutoCAD.

Connector Snap möguleiki fyrir AutoCAD **Factory Assets** - Auðveldar 2D layout hönnun með því að tengja Assets á auðveldan hátt. AutoCAD finnur tengingar (Connector detection and snapping) á sama hátt og í Inventor Factory.

Bætt Asset Builder umhverfi í AutoCAD Factory - Nýir möguleikar eins og nýr "block browser", "asset properties" og að getað skipt út blokk fyrir "asset" og tengt 3D módel við blokk.

Bónus pakkann er hægt að nota við allar útgáfur af Factory Design Suite 2015. Þ.e.a.s. **Standard, Premium og Ultimate**.



AutoCAD Electrical 2015 - Localizer

Út er komin norrænn aðlögun fyrir **AutoCAD Electrical 2015**. Þessi viðbót veitir aukinn stuðning fyrir

norræna notendur og einnig eru fleiri gagnabankar.

Localizer 2015 er að finna hér:

<https://dl.dropboxusercontent.com/u/24514823/Version2015.zip>

Uppfærslur og Servicepacks - Heads Up:

Autodesk® AutoCAD® 2015 Layout Tab Order Shifting Hotfix [HÉR](#)

Lagar vandamál þar sem röð layoutflipa breytist þegar skipt er hratt milli flipa

Autodesk® AutoCAD® 2015 Big Font Hotfix [HÉR](#)

Þessi Hotfix lagar það að AutoCAD frýs þegar teikning er opnuð sem nota Big Font eða Big Font textann verður ólæsileg.

Autodesk AutoCAD 2015 Service Pack 2 - [HÉR](#)

Hotfix INV19021/INV19101 for Inventor 2015 - [HÉR](#)

Þessi Hotfix lagar galla sem kemur fram þegar Content Center aðgangur er breyttur yfir í Vault aðgang.

Námskeið hautsins í samvinnu við Iðan fræðslusetur:



Autodesk Inventor 2015 - "Super Models" 7. - 8. nóvember 2014

Bókun og upplýsingar um námskeiðin er í síma **590 6400 milli kl. 9 og 16.**

Einnig má skrá sig á heimasíðu Iðunar www.idan.is undir liðnum: **Námskeið fyrir AutoCAD og Inventor.**

Munið að Iðan er flutt úr Skúlatúni 2 í Vatnagarða 20.


Tips og Tricks

AutoCAD:

T


Torient - að gera texta læsilegan.

Á **Express** borðanum eða Express gardínunni er skipan sem getur snúið völdum texta þannig að hann snýr rétt og verður læsilegur.




Mynd - Áður en snúid er.

Skipunin heitir "TORIENT" og hægt er að velja snúning í gráðum eða "Most Readable":



Valið á Express borðanum.



Mynd - Að TORIENT loknu.

Gamalt og gott:

PEDITACCEPT

Setjið **PEDITACCEPT** á 1 til að losna við hina hvítleiðu spurningu: "Do you want to turn it into a polyline" þegar verið er að vinna með polylines.

BURST

Til að sprengja blokk með "Attributes" og viðhalda gildunum (ekki skilgreiningar - "definition").

Valdar línur eru bláar í staðin fyrir uppljómaðar.

Þegar línur eru valdar í AutoCAD 2015 verða þær bláleitar eða "glóandi". Sumum finnst erfitt að greina þetta og vilja frekar halda sig við gömlu aðferðina.

Það er hægt með því að setja breytuna "**SELECTIONEFFECT**" á 0

Inventor 2015:

Þú ert búinn að setja upp **Inventor 2015** og tekur eftir því að kantar og snitti (**Tangent Edges og**

Thread) eru afhökuð skv. sjálfvirkri stillingu.



Hér er smá breyting í **Inventor 2015**. Inventor "man" eftir þessum stillingum og verða þær notaðar næst og mynd (View) er sett inn á teikningu - líka á nýja teikningu.

Þetta gildir bæði fyrir parta og samsetninga (part & Assembly) Þetta var gert í þeim tilgangi að reyna að spara notandanum nokkur smell með músinni.

Síðustu stillingar notenda er geymdar í 32 bita registry lyklunum. Einn lykill (Key) er fyrir partamyndir, annar fyrir samsetningamyndir og þriðji lykilinn er fyrir Presentationamyndir.

Registration lykklarnir heita: BaseViewDefAssy, BaseViewDefPart og BaseViewDefPres. Þeir eru staðsettir í: HKCU\Software\Autodesk\Inventor\RegistryVersion19.0\Applets\DrawingLayout\Preferences\DrawingFormat


Ef þú villt grafa dýpra þá eru hér góðar upplýsingar: <http://beinginventive.typepad.com/being-inventive/drawing/>




Skorin lengd og skorið horn.

Fyrir kemur að notendur vilja sýna á partalistanum hvað **skorin lengd** og **skurðarhorn** á próffílum er.

A eftirfarandi mynd voru prófílar settir inn með **Frame Generator** og eins og sétt á myndinni voru lengdir 1000 mm og 600 mm áður en átt var við prófíla



Eftir átt er við myndina lítur hún svona út og við viljum fá upplýsingar um rétta lengd og rétt horn.

**Prófill nr. 1 - valin lengd: 1000 mm**

CUTDETAIL1	Miter 45,00 deg	
G_H	60,000 mm	Prófilhæð
G_L	1000,000 mm	Cut Length
G_W	40,000 mm	Prófilbreidd

Prófill nr. 2 - valin lengd 600 mm

G_H	60,000 mm	Prófilhæð
G_L	480,000 mm	Cut Length
G_W	40,000 mm	Prófilbreidd

Ef skoðað er undir **Properties** fyrir viðkomandi bita sézt ofangreint og á partalistanum getum við valið hvaða dálka við viljum sjá og þar veljum við úr **Custom Properties** t.d. **CUTDETAIL1** og þá fáum við eftirfarandi í partalistann:


PARTS LIST				
ITEM	QTY	PART NUMBER	DESCRIPTION	CUTDETAIL1
2	1000,000 mm	DIN 59 410 - 60x40x4-1000	Hot formed rectangular steel tubes	Miter 45,00 deg
3	480,000 mm	DIN 59 410 - 60x40x4-480	Hot formed rectangular steel tubes	
4	600,000 mm	DIN 59 410 - 60x40x4-600	Hot formed rectangular steel tubes	
5	940,000 mm	DIN 59 410 - 60x40x4-940	Hot formed rectangular steel tubes	
2, 3, 4, 5	3020 mm		Hot formed rectangular steel tubes	

Quantity dæmnes G_L (Cut Length)

Skulðahon

Dæmi er "Grouped" og gefur heilar leng

Mesta lengd og breidd á útflatningum:





Eins og í dæminu hér að ofan þá vilja sumir einnig getað fengið mestu **lengd og breidd** á útflatningum án þess að þurfa að málsetja og kópiera og líma.

Það er gert með því að búa til notendaeiginleika (**Custom Property**). Gefa eiginleikanum nafn t.d. FPL fyrir Flat Patern Length og í gildisreitinn skrifa =<SHEET METAL LENGTH>. Þetta verður að vera skrifað nákvæmlega svona. Nafnið - FPL - getur verið hvað sem er.

Þetta er endurtekið fyrir FPW - **Flat Pattern Width** - sjá mynd.

Í partalistaumhverfinu veljum við að bæta við dálk og þar er valið nafnið sem við gáfum eiginleikann hér á undan FPL eða FPW og eru þessum gildum bætt inn í partalistann eins og sýnt er hér að ofan.





Þangað til næst:
Lifið heil.

Finnur P. Fróðason
Hafið Samband:

sími: 5523990 -
cad@cad.is

[Forward email](#)

 **SafeUnsubscribe**

This email was sent to finnurp@cad.is by finnurp@cad.is |
[Update Profile/Email Address](#) | Rapid removal with [SafeUnsubscribe™](#) | [Privacy Policy](#).



CAD ehf | Skulagata 10 | Reykjavík | IS-101 | Iceland